

Reykjavík, 21. mars 2023

Til: Umhverfis- og skipulagsráðs.

Efni: Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um vetrarþjónustu í Reykjavík.

Vísað er til fyrirspurnar fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um vetrarþjónustu Reykjavíkurborgar dagsetta 2. mars 2023 (US220054). Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Nú liggja í loftinu miklar breytingar varðandi staðsetningu á vetrarþjónustu Reykjavíkurborgar vegna áforma um fyrsta áfanga Borgarlínu. Malbikunarstöðin Höfði er að flytja til Hafnarfjarðar. Knarrarvogur 2 var keyptur fyrir nokkrum dögum vegna Borgarlínunnar. Þjónustumiðstöðin við Stórhöfða 7-9 mun þurfa að víkja vegna Borgarlínustöðvar á Höfða og aðstaða vetrarþjónustu á Þórðarhöfða 4 þarf að leggjast af. Nokkrar spurningar fylgja með og eru svör við þeim hér að neðan.

1. Hversu lengi er áætlað að saltgeymslan og önnur starfsemi vetrarþjónustu Reykjavíkurborgar verði á Þórðarhöfða 4?

Saltgeymslan verður um sinn á Þórðarhöfða, en óvíst hversu lengi, það fer eftir hraða nýrrar uppbyggingar við Stórhöfða.

2. Er slík starfsemi í gangi annarsstaðar á vegum Reykjavíkurborgar?

Nei.

3. Hvað er Reykjavíkurborg með mikið húsnæði á leigu við Þórðarhöfða 4, af hverjum og hver er leigukostnaðurinn.

Reykjavíkurborg leigir 6 braggaeiningar á Þórðarhöfða, um er að ræða bragga 1-3 og 10-12. Braggar 1-3 hafa verið notaðir undir geymslu á húsbúnaði, fyrir efni meindýravarna og fyrir sláttu- og vetrarþjónustubúnað Þjónustumiðstöðvar borgarlandsins o.fl. Skrifstofa borgarlandsins leigir þrjá bragga af Eignasjóði. Leiga umhverfis- og skipulagssviðs til Eignasjóðs í mars 2023 var:


- i. Braggi 10 - Strætóskýli = 423.180 kr.
- ii. Braggar 11-12 - saltgeymsla = 1.222.921 kr.

Skrifstofa borgarlandsins er ekki með aðra braggaeiningar á leigu og því ekki með upplýsingar um leigugjald fyrir aðra braggaeiningar.

4. Hvert er áætlað að starfsemin á Þórðarhöfða 4 fari þegar framkvæmdir við Borgarlínu og aðra uppbyggingu hefst.

Verið er að skoða nýja staðsetningu saltgeymslu en ekki komin niðurstaða í það mál.

5. Þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar er við Stórhöfða 7-9. Er lóðin og húsnæðið þar í eign borgarinnar og hversu lengi er áætlað að þessi



starfsemi verði þar, en ein stærsta stoppistöð Borgarlínunnar og leið hennar liggur í gegnum þessa lóð.

Lóðin er eign borgarinnar en óvissa er um hversu lengi þjónustumiðstöðin verði við Stórhöfða enda fer það eftir tímalínu uppbyggingaáforma á svæðinu.

6. Ef um er að ræða leigu á aðstöðu Reykjavíkurborgar við Stórhöfða 7-9, af hverjum er leigt, hversu lengi og hver er leigukostnaðurinn.

Eignasjóður leigir umhverfis- og skipulagssviði húsnæði þjónustumiðstöðvar borgarlandsins við Stórhöfða ótímabundið.

Leigu er skipt í tvo meginhluta og var leiguverð í mars 2023 eftirfarandi:

- a. Leiga 3.202.545 kr.
- b. Afborganir vegna framkvæmda 233.536 kr.

Samtals 3.436.081 kr.

Virðingarfyllst,

Hjalti J. Guðmundsson

Skrifstofustjóri

Skrifstofa borgarlandsins